



Efnahags- og viðskiptanefnd,
Alþingi,
Reykjavík

15. apríl 1993

10.202

Að beiðni háttvirtrar efnahags- og viðskiptanefndar hefur ráðuneytið tekið til frekari skoðunar nokkur ákvæði í frumvarpi til laga um viðskiptabanka og sparisjóði (208. mál).

15. gr., 4. mgr.

Komið hefur fram annars vegar ábending um að þessi mgr. falli brott, enda felist í henni mismunun milli ríkisborgara á EES svæðinu, Íslendingum í óhag og hins vegar að hún standi óbreytt að öðru leyti en því að tilvísun til 2. mgr. 5. gr. falli niður. Ráðuneytið telur, að ef samkomulag er um að stofnfjáreigendur skuli búsettir eða reka atvinnu eða aðra starfsemi á því svæði sem starfsemi sparisjóðs er bundin við, sé óhjákvæmilegt að halda tilvísun til 2. mgr. 5. gr., jafnvel þó að fræðilega feli þetta í sér mismunun Íslendingum í óhag. Slík öfug mismunun fer ekki í bága við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið.

Þá telur ráðuneytið ekki unnt rökstyðja brottfall orðanna "sbr. þó 2. mgr. 5. gr." með vísan til óundanþægra búsetuskilyrða sem unnt er að setja vegna jarðakaupa. Slík undantekning frá meginreglu EES samningsins byggir á hlutlægum réttlætningarástæðum, svo sem kröfu um að halda bújörðum í landbúnaðarnotum o.s.frv. Ekki verður séð að slík hlutlæg sjónarmið eigi við um ákvæðið sem hér er til umfjöllunar.

39. gr., 1. mgr., nýr tölul. á eftir 5. tl.

Lagt hefur verið til að 52. gr. falli brott og að efnisatriði hennar með nokkrum breytingum verði sett í 39. gr. Þetta má gera með þeim hætti að eftirfarandi ákvæði bættist við sem nýr tölul. á eftir 5. tl.:

"að setja að fenginni tillögu bankastjórnar eða sparisjóðsstjóra leiðbeiningar um árlega upplýsingagjöf til bankaráðs eða sparisjóðsstjórnar um veitt lán og ábyrgðir til einstaklinga og lögaðila sem, beint eða óbeint, vegna eignarhlutdeildar eða á annan hátt hafa veruleg áhrif á ráðstafanir hlutaðeigandi stofnunar eða eru undir stjórn einstaklinga eða lögaðila sem hafa slík áhrif,

46. gr., 1. mgr.

Lagt hefur verið til að ráðherra en ekki bankaeftirlitið setji reglur þær sem um getur í 2. málsl. 1. mgr. 46. gr. Það mætti orða þannig:

"Eignarhlutur viðskiptabanka eða sparisjóðs og heildarskuldbindingar fyrirtækis gagnvart hlutaðeigandi stofnun skulu vera innan þeirra marka sem getur í reglum sem ráðherra setur að fengnum tillögum bankaeftirlitsins um hámark lána og ábyrgða til einstakra viðskiptamanna eða fjárhagslegra tengdra aðila."

52. gr.

Greinin falli brott og efnisatriði hennar verði í 1. mgr. 39. gr., sbr. það sem að framan greinir.

53. gr.

Komið hefur fram ósk um að ráðuneytið gerði tillögu til nefndarinnar um orðalag að þessari grein. Tillaga ráðuneytisins er þessi:

"Við ákvörðun vaxta og þjónustugjalda er viðskiptabönkum og sparisjóðum óheimilt að hafa samráð við aðrar innlánsstofnanir. Lánastofnun sparisjóðanna, eða félagi sem leysir hana af hólmi sbr. 101. gr., er þó heimilt að leggja fyrir sparisjóði leiðbeinandi tillögur um vexti og þjónustugjöld, að fengnu samþykki samkeppnisráðs, sbr. IV. kafli samkeppnislaga."

Ráðuneytið telur lagatæknilega heppilegt að vísa til IV. kafli samkeppnislaga í heild sinni frekar en til ákveðinna lagagreina. Ráðuneytið telur jafnframt nauðsynlegt að kveða berum orðum á um, að samþykki samkeppnisráðs sé forsenda fyrir heimild Lánastofnunar sparisjóðanna til að leggja fram leiðbeinandi tillögur um vexti og þjónustugjöld. Þannig er tryggt að vilji löggjafans sé ekki að skapa með ákvæðinu fordæmi fyrir öðrum starfsaðferðum í samkeppnismálum en mælt er fyrir um í samkeppnislögum.

58. gr., 3. mgr.

Lagt hefur verið til reglur skv. 3. mgr. verði með einhverjum hætti tengdar góðri reikningsskilavenju. Það má gera með því að bæta nýjum málsl. við þessa mgr.:

"Reglur þessar skulu vera í samræmi við góða reikningsskilavenju."

63. gr., 1. mgr.

Bent hefur verið á að hugsanlega gæti misskilnings í tillögu ráðuneytisins um orðalag þessarar mgr. í bréfi dags. 30. mars 1993 til nefndarinnar þar sem af bréfinu megj ráða ætlunin hafi verið að taka undir tillögur Félags löggiltra endurskoðenda en reyndin hafi orðið önnur. Þetta er réttmæt ábending og leggur ráðuneytið til að 1. mgr. orðist þannig í heild sinni:

"Endurskoðandi skal endurskoða ársreikning viðskiptabanka eða sparisjóðs í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Með endurskoðun sinni skal hann komast að rökstuddri niðurstöðu um áreiðanleika þeirra upplýsinga sem ársreikningurinn veitir. Endurskoðandi skal ganga úr skugga um að ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög, reglur, samþykktir og góða reikningsskilavenju."

63. gr., 7. mgr.

Í bréfi sínu til nefndarinnar dags. 30. mars 1993 var lagt til að nýr másl. um reglur um könnun árs hlutareikninga bættist við þessa mgr.

Fram hafa komið ábendingar um að ekki sé heppilegt að lögfesta ákvæði 1. másl. þessarar mgr. um setningu nánari reglna um framkvæmd endurskoðunar.

Að ósk nefndarinnar hefur ráðuneytið athugað ákvæði þessarar mgr. betur. Niðurstaða ráðuneytisins er að styðjast í meginatriðum við tillögu Félags löggiltra endurskoðenda í bréfi þeirra til nefndarinnar frá 22. desember 1992. 7. mgr. og ný 8.

mgr. gætu því orðast svo:

"Við viðskiptabanka og sparisjóði skal starfa endurskoðunardeild sem annast um innri endurskoðun undir stjórn forstöðumanns, sbr. 2. tl. 1. mgr. 39. gr. Innri endurskoðun er hluti af skipulagi viðskiptabanka og sparisjóða og þáttur í eftirlitskerfi þeirra. Bankaeftirlitið getur veitt sparisjóði undanþágu frá stofnun slíkrar endurskoðunardeildar.

Bankaeftirlitinu er heimilt að setja almennar leiðbeinandi reglur um endurskoðun hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum. Því er einnig heimilt að setja sambærilegar reglur um könnun árs hlutareikninga viðskiptabanka og sparisjóða."

93. gr., 1.mgr.

Bent hefur verið á að 1. ml. 1. mgr. 93. gr. væri óþarflega víðtækur. Ráðuneytið tekur undir þetta og leggur til svohljóðandi orðalag:

"Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur eftirlit með að starfsemi þeirra fyrirtækja og stofnana sem lög þessi taka til, sé í samræmi við ákvæði þeirra, reglur settar samkvæmt þeim og samþykktir hlutaðeigandi stofnana. Um eftirlitið fer samkvæmt ákvæðum laga þessara og laga um Seðlabanka Íslands."

F.h.r.

